

Gjaldskrá

fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra

1. gr.

Af hundum og köttum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari sbr. 10. gr. samþykktar nr. 297/2013 um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

2.gr.

Við skráningu hunds skal greiða leyfisgjald kr. 8.475 sem gildir til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí kr. 8.475 fyrir eitt ár í senn. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Þurfi að endurnýja merkispjald skal innheimta kr. 2.165 fyrir endurnýjunina. Fyrir handsömun hunda skal eigandi greiða áfallinn kostnað.

Hafi leyfið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfi til hundahalds sjálfkrafa úr gildi.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa sem og hundar notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötluðu.

3.gr

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 2.365.

Innifalið í gjaldinu er merkispjald, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins. Þurfi að endurnýja merkispjald skal innheimta kr. 2.165 fyrir endurnýjunina.

4.gr

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði ofangreind gjöld ekki greidd í síðasta lagi á eindaga.

5.gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 24. nóvember 2022, með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum öðlast gildi 1. janúar 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1575/2021 fyrir hunda-og kattahald í Húnaþingi vestra.